

1995 nr. 54 8. mars**Lög um vernd Breiðafjarðar**

Tóku gildi 9. mars 1995. *Breytt með:* L. 93/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997). L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998). L. 164/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbák. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 138/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

■ 2. gr.

□ Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadráppsker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

■ 3. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum. Um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum.

¹⁾ L. 126/2011, 210. gr.

■ 4. gr.

□ Breiðafjarðarnefnd er [ráðherra]¹⁾ til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: [Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð],²⁾ Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af þjóðminjaráði. [Ráðherra]¹⁾ skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Nefndin skal í samráði við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlun þessi skal send ráðherra til staðfestingar.

□ Í starfi sínu skal nefndin gæta samráðs við sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, [Umhverfisstofnun],³⁾ minjaverði og yfirvöld þjóðminjavörslu.

□ Nefndin skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín.

¹⁾ L. 126/2011, 210. gr. ²⁾ L. 138/2011, 134. gr. ³⁾ L. 164/2002, 31. gr.

■ 5. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna um þær, reglugerð þar sem kveðið skal á um verndaraðgerðir á grundvelli laganna, varnir gegn hvers konar mengun og aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.

□ [Ráðherra er fer með málefni menningarminja]¹⁾ setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og að fenginni um-

sögn þjóðminjaráðs og húsafríðunarnefndar ríkisins eftir því sem við á, reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þar á meðal byggðarheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

¹⁾ L. 126/2011, 210. gr.

■ 6. gr.

□ Við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar.

□ Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu [leyfi Umhverfisstofnunar].¹⁾

□ Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að [mati Umhverfisstofnunar]¹⁾ eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.

□ [Ákvarðanir sem Umhverfisstofnun tekur og varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis samkvæmt þessari grein sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.]²⁾

¹⁾ L. 164/2002, 32. gr. ²⁾ L. 131/2011, 22. gr.

■ 7. gr.

□ Með rannsóknum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi, sbr. lög nr. 60/1992, skal markvisst unnið að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess. Breiðafjarðarnefnd skal í samráði við þessa aðila láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á svæðinu og endurskoða hana reglulega.

□ Ráðherra getur með reglugerð heimilað framangreindum stofnunum að standa sameiginlega að starfrækslu náttúru-rannsóknastöðvar á svæðinu á grundvelli laga nr. 60/1992. Rannsóknastöðin getur leitað eftir fjárstuðningi innlendra og erlendra aðila við starfsemi sína og einstök verkefni.

■ 8. gr.

□ Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

■ 9. gr.

□ Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum [eða fangelsi allt að 2 árum].¹⁾ Sektir renna í ríkissjóð.

□ Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 50 þúsund krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmaett.

□ . . . ²⁾

¹⁾ L. 82/1998, 222. gr. ²⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ 10. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.